

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 2. nóvember 2021  
UST202110-020/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 - Norður Garður 3**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 vegna Norður Garðs 3.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 5 ha. frístundabyggð fyrir fjórar lóðir fyrir alls fjögur hús. Landbúnaðarsvæði minnkar sem því nemur.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er, hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur